

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um fjárframlög ríkisins og markaðar tekjur til vegamála.

1. Hverjar voru árlegar heildartekjur ríkissjóðs árin 2010–2018 af:
 - a. bensíngjaldi, sérstöku bensíngjaldi, kolefnisgjaldi af bensíni og virðisaukaskatti á þessa gjaldstofna;
 - b. olíugjaldi, kolefnisgjaldi á olíu og virðisaukaskatti á þessa gjaldstofna;
 - c. bifreiðagjöldum;
 - d. innflutningstollum á bifreiðar?

Upplýsingar um bensín-, olíu- og kolefnisgjöld á eldsneyti, bifreiðagjald og innflutningstolla (réttnefni vörugjald) á bifreiðar eru fengnar úr ríkisreikningi fyrir árin 2010–2018. Tölulegar upplýsingar um virðisaukaskatt af bensín-, olíu- og kolefnisgjöldum af eldsneyti eru ekki fáanlegar úr upplýsingakerfum ríkisins. Til þess að áætla tekjur af virðisaukaskatti sem leggst ofan á þessi gjöld er reiknaður 24% (eða 25,5%) virðisaukaskattur af þeim tekjum sem þeir stofnar skila í ríkissjóð, eins og fram kemur í töflu 1. Um er að ræða „brúttó“ virðisaukaskatt, þ.e. án frádráttar innskatts sem myndast í virðisaukaskattskyldum atvinnurekstri, en upplýsingar um hann liggja ekki fyrir. Í eftirfarandi töflu má sjá tekjur ríkissjóðs af ofangreindum liðum. Tekjurnar eru á verðlagi hvers árs og í milljónum króna.

Tafla 1. Tekjur ríkissjóðs af bensín-, olíu- og kolefnisgjöldum á eldsneyti, áætluðum VSK, bifreiðagjaldi og vörugjöldum af ökutækjum 2010–2018.

M.kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Almennt vörugjald af bensíni	4.392	4.670	4.480	4.343	4.435	4.638	4.690	4.896	4.675
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.272	7.131	7.477	7.195	7.214	7.224	7.503	7.804	7.539
Kolefnisgjald á bensín	456	715	898	888	906	946	931	988	1.279
VSK af vöru- og kolefnisgjaldi á bensín**	3.091	3.192	3.278	3.169	3.202	3.074	3.150	3.285	3.238
Olíugjald	6.417	6.441	6.893	7.176	7.516	8.313	9.226	11.433	11.787
Kolefnisgjald á dísilolíu bifreiða*	351	514	724	750	780	855	1.001	1.178	1.771
VSK af vöru- og kolefnisgjaldi á dísil**	1.726	1.774	1.942	2.021	2.115	2.200	2.454	3.027	3.254
Bifreiðagjald	5.942	6.227	6.456	6.385	6.532	6.551	6.797	7.251	7.441
Vörugjald á ökutæki	1.817	2.891	4.244	4.032	5.031	7.224	8.293	10.204	9.522
Samtals	31.463	33.554	36.392	35.959	37.731	41.025	44.045	50.066	50.506

* Sýndur er sá hluti kolefnisgjalds sem áætlað er að sé lagður á dísilolíu vegna ökutækja.

** Sýndar eru „brúttó“ tekjur ríkissjóðs en ekki „nettó“ tekjur af virðisaukaskatti til einföldunar.

Heimild: Ríkisreikningur (2010-2018).

2. *Hversu hátt hlutfall markaðra tekna til vegagerðar hefur skilað sér til nýframkvæmda og viðhalds vega á sama tímabili og hversu há fjárhæð fór í viðkomandi verkefni, sundurliðað eftir árum?*

Markaðar tekjur sem runnu árin 2010–2016 til vegamála, hér skilgreint sem Vegagerðin, skiluðu sér að fullu til rekstrar, nýframkvæmda og viðhalds samkvæmt reikningum Vegagerðarinnar. Ekki er unnt að sundurgreina með einföldum hætti hvernig nýting markaðra tekna skiptist á milli kostnaðarliða hjá Vegagerðinni.

Með lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 eru allar tekjur A-hluta ríkissjóðs færðar hjá ríkissjóði og tekjustofnar sem áður voru markaðir tilteknum stofnunum eða verkefnum eru fremur tengdir viðkomandi málaflökki. Fjárlagafrumvarpið 2017 var það fyrsta sem var lagt fyrir Alþingi á grundvelli laga um opinber fjármál. Samkvæmt 51. gr. laganna skal færa allar tekjur ríkissjóðs í yfirlit um tekjur ríkissjóðs í heild, en í reikninga einstakra ríkisaðila í A-hluta skal einungis færa rekstrartekjur þeirra. Í athugasemdum um greinina segir að tekjur, sem hingað til hafa verið markaðar tilteknum stofnunum, færast nú eingöngu hjá ríkissjóði. Einnig kemur þar fram að gert sé ráð fyrir að tekjustofn sé tengdur málaflökki í heild sinni, en ekki einstökum aðilum sem annast framkvæmd innan hans. Því beri að láta slíkar tekjur renna í ríkissjóð, en það sé hlutverk Alþingis að ákveða hversu miklu skuli ráðstafað til viðkomandi málaflökks hverju sinni. Eftir sem áður eru tekjur ríkisins af viðkomandi tekjustofnum birtar í fjárlagaáætlunum og í bókhaldi ríkisins. Fjárlagafrumvörp fyrir árin 2017 og 2018 eru sett fram á þessum forsendum og þar er því ekki sýndur sá hluti fjármögnunar framlaga til vegamála sem kemur frá mörkuðum tekjum eins og áður var gert.

3. *Hver var heildarfjárhæð markaðra tekna sem fór til vegamála á sama tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Upplýsingar um markaðar tekjur til vegamála, hér skilgreint sem Vegagerðin, eru fengnar úr ríkisreikningi fyrir árin 2010–16. Líkt og fram kom í svari við 2. tölulið voru fjárlög 2017 og 2018 byggð á lögum um opinber fjármál og allar tekjur ríkissjóðs færðar hjá ríkissjóði en ekki hjá einstökum stofnunum. Í eftirfarandi töflu má sjá sundurliðun markaðra tekna til Vegagerðarinnar á verðlagi hvers árs og í milljónum króna.

Tafla 2. Markaðar tekjur til Vegagerðar 2010–2016.

M.kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Sérstakt vörugjald af bensíni	7.272	7.131	7.477	7.195	7.214	7.224	7.503
Oliugjald	6.417	6.441	6.893	7.176	7.516	8.313	9.226
Kílómetragjald	625	715	727	770	764	817	986
Vitagjald	-	-	-	139	317	325	321
Leyfis- og eftirlitsgjöld	6	6	7	9	-	-	-
Samtals	14.320	14.293	15.104	15.289	15.811	16.679	18.036

Heimild: Ríkisreikningur (2010–2016).

4. *Hvert var fjárframlag ríkisins til nýframkvæmda annars vegar og viðhalds vega hins vegar á sama tímabili, sundurliðað eftir árum?*

Fjárveiting til vegamála, hér skilgreint sem Vegagerðin, er á ábyrgð samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Því var leitað til þess um svar við þessari spurningu sem byggist á upplýsingum frá Vegagerðinni og má sjá í töflu 3. Vert er að nefna að auk nýframkvæmda

og viðhalds er Vegagerðinni veitt fjárveiting fyrir almennan rekstur. Tölurnar eru á verðlagi hvers árs og í milljónum króna.

Tafla 3. Fjárveiting ríkissjóðs til nýbygginga og viðhalds vega 2010–2018.

M.kr.	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Fjárveiting til nýbygginga þjóðvega	8.901	6.251	6.101	6.789	7.014	9.864	9.989	10.969	13.353
Fjárveiting til viðhalds	4.679	4.762	4.787	4.500	5.000	6.350	6.073	8.195	10.410

Heimild: Vegagerðin (2019).